



---

# Skýrsla Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2010

---

Október 2011

---

## *Efnisyfirlit*

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>Meðaltal ársins 2010:</b> .....	<b>2</b>
Tafla 1: Heildarhlutfall í nefndum 2010 .....	2
<b>Meðaltal á starfsárinu 2010:</b> .....	<b>2</b>
Tafla 2: Heildarhlutfall í nefndum skipuðum á starfsárinu 2010.....	3
<b>Rýnt í nefndir</b> .....	<b>3</b>
Tafla 3: Starfandi nefndir samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008 .....	4
Tafla 4: Skipanir á árinu samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008.....	4
<b>Rýnt í nefndir starfsársins 2010:</b> .....	<b>4</b>
Tafla 5: Nefndir samkvæmt 15. grein á starfsári 2010 .....	5
<b>Litið til baka:</b> .....	<b>7</b>
Tafla 6: Nefndir og ráð á vegum ráðuneytanna 1990 til 2010 .....	8
Tafla 7: Nefndir og ráð ráðuneytanna: skipað á starfsári.....	10
<b>Niðurstöður:</b> .....	<b>11</b>
<b>Fyrirvari: Breytingar á skipan ráðuneyta:</b> .....	<b>11</b>

## *Inngangur*

Með nýjum jafnréttislögum árið 2008 var fyrsti kynjakvótinn leiddur í lög á Íslandi. Í 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að „við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“ Í Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (2011-2014) sem Alþingi samþykkti í sumar snýr verkefni 7 að hlutfalli kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum stjórnvalda. Þar er tekið fram ráðuneytin skuli framfylgja þeirri lögbundnu skyldu sem fram kemur í jafnréttislögum en auk þess skulu þau ásamt Jafnréttisstofu birta upplýsingar um hlut kynjanna að minnstakosti árlega. Nú birtir Jafnréttisstofa í fyrsta skipti skýrslu sína á vefnum en áður hefur stofan tekið saman þessar upplýsingar og hafa þær verið birtar í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem komið hafa út fyrri Jafnréttisþing og lagðar fram á Alþingi samhliða nýjum framkvæmdaáætlunum um jafnréttismál.

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga og fær upplýsingar um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinagerð frá jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna. Þegar Jafnréttisstofa hefur fengið gögnin afhent er gögnunum safnað saman og athugað meðaltal og breytingar á milli ára. Eftir lagabreytinguna 2008 er einnig hver nefnd fyrir sig skoðuð og eru ráðuneytin beðin um að gera grein fyrir þeim nefndum sem ekki eru skipaðar í samræmi við 1. mgr. 15. grein laganna. Jafnréttisstofa leggur svo mat á það hvort undanþáguákvæði 2. mgr. 15. greinar hafi átt við í tilteknum tilvikum. Auk þess er athugað hvort ráðuneytin vinni eftir þeirri vinnureglu sem umrædd 15. grein gerir ráð fyrir.

## Meðaltal ársins 2010:

Nú hafa verið tekin saman gögn ársins 2010 og ráðuneytum gerð grein fyrir stöðunni og þeim gefið tækifæri á að skýra skipun í þær nefndir sem ekki uppfylltu kynjakvótann. Niðurstaðan er sú að í heildina skipuðu konur 40% nefndarsæta á vegum ráðuneytanna og karlar 60%. Meðaltalið er þó ólíkt milli ráðuneytanna.

**Tafla 1: Heildarhlutfall í nefndum 2010**

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneyti	78	122	200	39%	61%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	52	112	164	32%	68%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	50	74	124	40%	60%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	211	199	410	51%	49%
Fjármálaráðuneyti	88	165	253	35%	65%
Heilbrigðisráðuneyti	157	159	316	50%	50%
Iðnaðarráðuneyti	89	114	203	44%	56%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	432	637	1069	40%	60%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	52	111	163	32%	68%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	85	261	346	25%	75%
Umhverfisráðuneyti	101	156	257	39%	61%
Utanríkisráðuneyti	103	162	265	39%	61%
<b>Samtals</b>	<b>1498</b>	<b>2272</b>	<b>3770</b>	<b>40%</b>	<b>60%</b>

Heilbrigðisráðuneytið var með jafna þátttöku kynjanna (50%:50%) í nefndum á sínum vegum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið var með lægst hlutfall kvenna í nefndum á sínum vegum en hlutur þeirra var eingöngu 25%. Félags- og tryggingamálaráðuneytið var eina ráðuneytið með fleiri konur en karla í nefndum en hlutur kvenna var 51%. Þrjú ráðuneyti voru með hlut kvenna í nefndum á bilinu 40%-49%. Það voru efnahags- og viðskiptaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Í öðrum ráðuneytum var hlutur kvenna á bilinu 32%-39%. Það er þó ekki nóg að líta til heildarfjölda nefnda það verður einnig að skoða hvernig skipað var í nefndir, ráð og stjórnir á starfsárinu 2010. Ýmsar nefndir hafa verið óbreyttar um árbil og það er ekki fyrr en kemur að endurnýjun sem tekst að leiðrétta kynjahallann og uppfylla lagaskyldur 15. gr.

## Meðaltal á starfsárinu 2010:

Þegar litið er til skipana í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna sem tóku til starfa á starfsárinu 2010 verður myndin aðeins öðruvísi. Í heildina voru konur skipaðar í 43% nefndarsæta á starfsárinu en karlar 57%. Jafnasta kynjahlutfallið var hjá utanarnríkisráðuneytinu með 50%:50%. Iðnaðarráðuneytið var eina ráðuneytið sem skipaði fleiri konur en karla eða 51%. Hlutfall kynjanna var ójafnast hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu en hlutur kvenna þar var eingöngu 30%. Fjármálaráðuneytið kom

þar á eftir með hlut kvenna litlu hærrí eða 31%. Önnur ráðuneyti voru með hlut kvenna frá 38% og upp í 49%.

**Tafla 2: Heildarhlutfall í nefndum skipuðum á starfsárinu 2010**

Ráðuneyti	Konur	Karlar	Heild	Hlutfall kvk	Hlutfall kk
Forsætisráðuneyti	11	17	28	39%	61%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	13	14	27	48%	52%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	8	19	27	30%	70%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	67	70	137	49%	51%
Fjármálaráðuneyti	18	41	59	31%	69%
Heilbrigðisráðuneyti	49	51	100	49%	51%
Iðnaðarráðuneyti	45	44	89	51%	49%
Mennta- menningarmálaráðuneyti	105	145	250	42%	58%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	10	16	26	38%	62%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	14	33	47	30%	70%
Umhverfisráðuneyti	26	35	61	43%	57%
Utanríkisráðuneyti	6	6	12	50%	50%
<b>Samtals</b>	<b>372</b>	<b>491</b>	<b>863</b>	<b>43%</b>	<b>57%</b>

Það tekur tíma að breyta verklagi við skipanir í nefndir, ráð og stjórnir þannig að það skili sér inn í heildarmeðaltalið, því margar nefndir starfa í fleiri en eitt ár. Tölur ársins ná því ekki alltaf að hafa mikil áhrif á heildarmeðaltal þó það geri það með tímanum eins og sjá má hér á eftir. Meðaltölin gefa okkur þó vísbendingar um stöðu mála.

## **Rýnt í nefndir**

Með nýjum jafnréttislögum árið 2008 fór Jafnréttisstofa að óska eftir sundurliðuðum gögnum frá ráðuneytunum svo hægt væri að rýna í skipan í hverja nefnd fyrir sig. Árið sem löggjöfin gekk í gildi voru 43% nefnda sem störfuðu á vegum stjórnvalda skipuð í samræmi við nýja 15. grein laga. Árið á eftir reyndust 49% vera skipaðar í samræmi við umrædda 15. grein. Árið 2010 var hlutfallið komið í 50%.

**Tafla 3: Starfandi nefndir samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008**

Ár	í samræmi	ekki	samtals	hlutfall í samræmi
2008	177	233	410	43%
2009	371	384	755	49%
2010	374	373	747	50%

Ef litið er til skipana á hverju starfsári kemur önnur mynd í ljós. Hér má sjá að 71% nefnda sem skipaðar voru á vegum ráðuneytanna á fyrsta ári kynjakvótans voru í samræmi við 1. mgr. 15. gr. og líklegt að meðvitund um nýja löggjöf hafi skilað þessum árangri. Á árinu 2009 og 2010 voru svo 66% nefnda skipaðar í samræmi við umrædda 15. grein.

**Tafla 4: Skipanir á árinu samkvæmt 15. gr. laga nr. 10/2008**

Ár	í samræmi	ekki	samtals	hlutfall í samræmi
2008	64	26	90	71%
2009	152	80	232	66%
2010	109	55	164	66%

Það kemur til með að taka tíma fyrir skipanir hvers árs fyrir sig að hafa áhrif á heildarhlutfall nefnda sem skipaðar eru í samræmi við 15. Greinina. Því er mikilvægt að fylgjast vel með þróuninni í skipunum hvers árs fyrir sig. Á þessum tölum má þó sjá að umræða um mikilvægi þess að skipa bæði konur og karla í nefndir þarf að vera lifandi. Til þess að fá enn gleggri mynd af stöðu mála og hvernig unnið er að því að jafna hlutfall kynjanna verður rýnt nánar í gögn um starfsárið 2010.

### **Rýnt í nefndir starfsársins 2010:**

Þegar búið er að fara yfir allar nefndir, ráð og stjórnir sem skipaðar voru á starfsárinu 2010 kemur í ljóst að 164 nýjar nefndir, ráð og stjórnir voru skipaðar á starfsárinu. Rýnt var í kynjahlutfall allra þeirra nefnda og í ljós kom að 109 þeirra voru skipaðar í samræmi við 15. grein laga eða 66% nefnda á vegum ráðuneytanna. Jafnréttisstofa óskaði í framhaldinu eftir skýringum á skipun í 55 nefndir. Í löggjöfinni er gefin undanþáguheimild með þeim orðum að „tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. málsgreinar þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.“ Hér er því mikilvægt að skoða vel þær ástæður sem liggja að baki því að nefnd sé ekki skipuð í samræmi við 15. greinina.

Ef litið er á sundurliðun eftir ráðuneytum kemur í ljós að þeim gekk mjög misjafnlega að skipa í samræmi við 15. greinina. Utanríkisráðuneytið er eina ráðuneytið sem skipaði allar sínar nefndir í samræmi við 1. mgr. 15. greinarinnar. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið skipaði eingöngu 38% af sínum nefndum í samræmi við 15. greinina. Það kom á óvart því hlutfall kynjanna í meðaltalinu (tafla 2) var nánast jafnt. Þetta ítrekar mikilvægi þess að skoða hverja nefnd fyrir sig því markmið laganna er að konur og karlar vinni saman. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti skipuðu eingöngu 50% af nefndum sínum í samræmi við 15. greinina.

Jafnréttisstofa hafði samband við öll ráðuneytin og óskað eftir upplýsingum um þær nefndir sem ekki voru skipaðar í samræmi við 1. mgr. 15. greinar. Óskað var eftir því að ráðuneytin skýrðu frá þeim ástæðum sem tilnefningaraðilar gáfu upp ef ekki voru tilnefnd bæði karl og kona. Einnig gafst ráðuneytinu sem skipunaraðila tækifæri til að rökstyðja nýtingu undanþáguheimildarinnar.

**Tafla 5: Nefndir samkvæmt 15. grein á starfsári 2010**

Ráðuneyti	í samræmi	ekki í samræmi	samtals	hlutfall í samræmi	undanþáguheimild
Forsætisráðuneyti	4	1	5	80%	1
Dóms- og mannréttindaráðuneyti	3	5	8	38%	3
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3	3	6	50%	óskað eftir frekari upplýsingum
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	17	5	22	77%	5
Fjármálaráðuneyti	6	5	11	55%	0
Heilbrigðisráðuneyti	9	8	17	53%	8
Iðnaðarráðuneyti	14	3	17	82%	hefur ekki svarað
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	31	17	48	51%	17
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	5	1	6	83%	1
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	4	4	8	50%	4
Umhverfisráðuneyti	11	3	14	79%	1
Utánríkisráðuneyti	2	0	2	100%	0
<b>Samtals</b>	<b>109</b>	<b>55</b>	<b>164</b>	<b>66%</b>	

Úr svörum ráðuneytanna má lesa að mismikil vinna er lögð í að tryggja jafnt kynjahlutfall í nefndum og þá vinnureglu við skipanir sem umrædd 15. grein gerir ráð fyrir. Flest ráðuneytin eru með skýrt verklag. Í því verklagi er gert ráð fyrir að í bréfi þar sem óskað er tilnefningar sé tilnefningaraðili beðinn um að tilnefna bæði karl og konu svo hægt sé að skipa nefndina í samræmi við 1. mgr. 15 gr. laga nr. 10/2008. Ráðuneytisstjórnar komu sér saman um samræmt orðalag í slík bréf og er það í notkun í flestum ráðuneytum auk þess sem það er birt í Starfsmannahandbók Stjórnarráðsins. Sum ráðuneyti ganga lengra og endursenda þau tilnefningabréf þar sem ekki eru tilnefnd bæði karl og kona og tilnefningaraðili beðinn um að tilnefna aftur eða gera grein fyrir ástæðum þess að ekki sé tilnefnt eins og óskað var eftir. Með þeim hætti er hægt að meta hvort hlutlægar ástæður liggja að baki tilnefningunni. Ef svo er, getur undanþáguheimildin í 2. mgr. 15. gr. átt við. Þetta verklag er það sem Jafnréttisstofa mælir með að öll ráðuneytin noti.

Mismunandi ástæður geta talist hlutlægar þegar kemur að undanþáguheimildinni. Jafnréttisstofa hefur talið undanþáguheimildina eiga við varðandi sérþekkingu, þegar lögbundið er hverjir eigi að sitja í nefnd og þegar aðeins er annað kynið í þeim hópi sem nauðsynlegt er að tilnefna/skipa úr.. Það er ekki heimilt að vísa til undanþáguheimildarinnar í 2. mgr. 15. gr. nema skýringar fylgi frá tilnefningaraðilanum.

Jafnréttisstofa telur það hafa sýnt sig að ofangreint vinnulag sé vænlegt til árangurs. Sem dæmi um það má nefna árangur samgöngu- og sveitastjórnaráðuneytisins sem á stuttum tíma náði að jafna þátttöku kynjanna verulega (tafla 6).

Jafnréttisstofa hvetur öll ráðuneytin til að tileinka sér þessi vinnubrögð til að tryggja að allar nefndir verði skipaðar í samræmi við 1. mgr. 15. gr. Það er þó ljóst að vinna þarf á fleiri vígstöðvum til að tryggja þátttöku beggja kynja í nefndastarfi á vegum ráðuneytanna. Meðvitund þeirra sem óska eftir tilnefningum og raða í nefndirnar innan stjórnarsýslunnar um skyldur samkvæmt jafnréttislögum skiptir verulegu máli. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins gegnir hér einnig lykilhlutverki við að halda uppi umræðunni og minna á mikilvægi þess að konur og karlar starfi saman í nefndum og ráðum ríkisins. Eins veitir það ráðuneytunum aðhald að taka sjálf saman og birta upplýsingar um hlut kynjanna á heimasíðum sínum eins og gert er ráð fyrir í 7. verkefni framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar sem nefnd var hér í upphafi.



## ***Litið til baka:***

Nú eru til gögn yfir nefndir og ráð frá árinu 1990 og samfelld eftir 2003 en á þessu 20 ára tímabili hefur átt sér stað mikil breyting. Hér ber að geta þess að breytingar á skipan ráðuneytanna hafa verið þó nokkrar á tímabilinu og hefur það áhrif á samanburð milli ára. Reynt hefur verið að taka tillit til þess eins og hægt er. Árið 1990 voru eingöngu þrjú ráðuneyti með hlutfall kvenna í tveggja stafa tölu en árið 2001 höfðu öll ráðuneytin náð hlutfalli kvenna upp í tveggja stafa tölu ef frá er talið þáverandi samgönguráðuneyti. Eftir 2001 eru tölurnar nokkuð rokkandi milli ára en yfirleitt er þróunin í rétta átt þótt bakslag verði öðru hvoru.

**Tafla 6: Nefndir og ráð á vegum ráðuneytanna 1990 til 2010**

Ráðuneyti	1990		1995		2001		2003		2004		2005		2006		2007		2008		2009		2010	
	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk
Forsætisráðuneyti	6%	94%	23%	77%	38%	62%	30%	70%	29%	71%	30%	70%	27%	73%	31%	69%	30%	70%	48%	52%	39%	61%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti*****	7%	94%	16%	84%	35%	65%	26%	74%	30%	70%	32%	68%	28%	72%	30%	70%	29%	71%	34%	66%	32%	68%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti*/*****	4%	96%	9%	92%	20%	80%	25%	75%	23%	77%	23%	77%	21%	79%	33%	67%	36%	64%	40%	60%	40%	60%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti****	23%	78%	40%	60%	40%	60%	35%	65%	39%	61%	43%	57%	44%	56%	45%	55%	49%	51%	51%	49%	51%	49%
Fjármálaráðuneyti	0%	0%	0%	0%	23%	77%	30%	70%	23%	77%	24%	76%	25%	75%	28%	72%	33%	67%	35%	65%	35%	65%
Heilbrigðisráðuneyti***	21%	79%	24%	76%	42%	58%	39%	61%	40%	60%	41%	59%	44%	56%	41%	59%	48%	52%	48%	52%	50%	50%
Iðnaðarráðuneyti*	4%	96%	9%	92%	20%	80%	25%	75%	23%	77%	23%	77%	21%	79%	30%	70%	32%	68%	35%	65%	44%	56%
Mennta- menningarmálaráðuneyti*****	29%	71%	29%	71%	34%	66%	36%	64%	38%	62%	39%	61%	40%	60%	41%	59%	40%	60%	40%	60%	40%	60%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti*****	8%	92%	7%	93%	0%	0%	2%	98%	0%	0%	14%	86%	16%	84%	20%	80%	24%	76%	33%	67%	32%	68%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti**	6%	94%	5%	95%	16%	84%	14%	86%	27%	73%	20%	80%	26%	74%	29%	71%	21%	79%	22%	78%	25%	75%
Umhverfisráðuneyti	5%	96%	16%	84%	26%	74%	29%	71%	30%	70%	31%	69%	32%	68%	33%	67%	34%	66%	38%	62%	39%	61%
Utanríkisráðuneyti	0%	0%	0%	0%	14%	86%	14%	86%	5%	95%	5%	95%	29%	71%	23%	77%	47%	53%	40%	60%	39%	61%
<b>Samtals</b>									<b>32%</b>	<b>68%</b>	<b>32%</b>	<b>68%</b>	<b>34%</b>	<b>66%</b>	<b>36%</b>	<b>64%</b>	<b>37%</b>	<b>63%</b>	<b>40%</b>	<b>60%</b>	<b>40%</b>	<b>60%</b>

Í töflu 6 sést að innleiðing kynjakvótans í lög árið 2008 kom hægfara þróun af stað en öll ráðuneytin fjölguðu konum í nefndum hjá sér, þó mismikið. Vert er að taka sérstaklega eftir því stökki sem átti sér stað milli árana 2008 og 2009 hjá samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu. Enn jafnaðist kynjahlutfallið árið 2010, þó það hafi ekki skilað sér í heildar meðaltali ársins og bakslag orðið í tveimur ráðuneytum.

Eins og nefnt var hér að framan er mikilvægt að skoða einnig nýskipanir á hverju starfsári til að fá betri heildarmynd af stöðu mála. Breytingar á milli ára eru þó líka vegna nefnda sem ljúka störfum og getur samspil milli þess og nýskipana haft mikil áhrif á milli ára. Það skýrir að hluta til sveiflurnar fram og til baka í töflunni hér að ofan. Myndin að neðan varpar ljósi á ákvarðanir sem teknar voru á líðandi starfsári og sjá má skýran vilja til breytinga á nokkrum stöðum. Sem dæmi um þetta má nefna breytingar milli árana 2007-2008 í efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2005-2006 í fjármálaráðuneytinu, 2006-2007 og aftur frá 2008-2009 í samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, 2009-2010 í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu auk 2009-2010 í umhverfisráðuneytinu. Hér ber að taka fram að mjög fáir einstaklingar eru á bakvið tölur utanríkisráðuneytis, stundum eingöngu 2-3 einstaklingar og skýrir það hversu mikið tölurnar rokka milli ára.

**Tafla 7: Nefndir og ráð ráðuneytanna: skipað á starfsári**

Ráðuneyti	2004		2005		2006		2007		2008		2009		2010	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Forsætisráðuneyti	23%	77%	33%	67%	27%	73%	34%	66%	40%	60%	51%	49%	39%	61%
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti*****	47%	53%	39%	61%	44%	56%	37%	63%	26%	74%	49%	51%	48%	52%
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti*/*****	24%	76%	15%	85%	22%	78%	35%	65%	59%	41%	39%	61%	30%	70%
Félags- og tryggingamálaráðuneyti****	47%	53%	44%	56%	53%	47%	34%	66%	59%	41%	54%	46%	49%	51%
Fjármálaráðuneyti	24%	76%	32%	68%	45%	55%	42%	58%	50%	50%	40%	60%	31%	69%
Heilbrigðisráðuneyti***	-	-	54%	46%	57%	43%	46%	54%	53%	47%	44%	56%	49%	51%
Iðnaðarráðuneyti*	-	-	15%	85%	22%	78%	37%	63%	46%	54%	38%	63%	51%	49%
Mennta- menningarmálaráðuneyti*****	44%	56%	41%	59%	43%	57%	39%	61%	42%	58%	50%	50%	42%	58%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti*****	-	-	17%	83%	17%	83%	25%	75%	24%	76%	43%	57%	38%	62%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti**	16%	84%	16%	84%	20%	80%	25%	75%	24%	76%	29%	71%	35%	65%
Umhverfisráðuneyti	31%	69%	38%	62%	36%	64%	38%	62%	35%	65%	45%	55%	43%	57%
Utanríkisráðuneyti	50%	50%	0%	100%	33%	67%	0%	100%	38%	62%	38%	62%	50%	50%
<b>Samtals</b>	<b>38%</b>	<b>62%</b>	<b>36%</b>	<b>64%</b>	<b>39%</b>	<b>61%</b>	<b>37%</b>	<b>63%</b>	<b>43%</b>	<b>57%</b>	<b>44%</b>	<b>56%</b>	<b>43%</b>	<b>57%</b>

## **Niðurstöður:**

Af þessari yfirferð má sjá að misvel hefur gengið að jafna þátttöku kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ráðuneytanna. Kynjahlutföll eru að meðaltali innan þeirra marka sem miðað er við ef litið er til heildarinnar og nýskipana. Það er þó ljóst að eingöngu 50% nefnda sem störfuðu á vegum stjórnvalda árið 2010 uppfylltu kynjakvóta 15. greinar og 66% þeirra nefnda sem skipaðar voru á starfsárinu 2010. Betur má ef duga skal. Það hefur gengið betur að jafna kynjahlutfallið í þeim ráðuneytum sem tengjast starfsstéttum þar sem konur eru í meirihluta. Kynjahlutfallið í nefndum var betra hjá þeim við upphaf gagnaöflunar 1990 og hefur verið nánast jafnt frá árinu 2006. Stjórnvöld verða að vera vakandi yfir því að vandinn við að skipa konur og karla jafnt í nefndir tengist víðtækari vandamálum í samfélaginu. Kynbundið náms- og starfsval hefur mikil áhrif og vinna þarf markvisst á þeim vettvangi.

Það breytir því þó ekki að lögin eru skýr og stjórnvöldum ber að fara eftir þeim. Undanþáguheimildina ætti ekki að nýta nema í undantekningartilfellum þegar fullreynt hefur verið að leita annarra leiða. Sum ráðuneyti hafa farið þess á leit að skilyrðum fyrir nefndarsetu sé breytt, til dæmis með því að víkka hringinn þar sem tilnefninga er leitað, stækka nefndir eða breyta hæfisskilyrðum. Auk þess hafa tilnefningaraðilar leitað út fyrir hefðbundna ramma við tilnefningu í nefndir til að veita fólki tækifæri til að öðlast reynslu áður en það fer í stjórnunarstöður. Það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi. Jafnréttisstofa er þess fullviss að fleiri nefndir verða skipaðar í samræmi við 15. greinina án undanþáguheimilda á starfsárinu sem nú er að líða.

### **Fyrirvari: Breytingar á skipan ráðuneyta:**

\*Tölur fram að árinu 2007 eru frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

\*\*Tölurnar fram að árinu 2007 eru samanlagðar tölur sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis

\*\*\* Tölur eldri en 2009 eru frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

\*\*\*\*Tölur eldri en 2009 eru frá félagsmálaráðuneyti

\*\*\*\*\*Tölur eldri en 2009 eru frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti

\*\*\*\*\*Tölur eldri en 2009 eru frá samgönguráðuneyti

\*\*\*\*\*Tölur ársins 2008 eru frá viðskiptaráðuneyti

\*\*\*\*\*Tölur eldri en 2009 eru frá menntamálaráðuneyti